



23. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 28. september 2001

Dagskrá:

1. Markaðssetning RSÍ.
2. Orlofshúsin.
3. Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2001.
4. Kynnisferð ASÍ til Brussel.
5. Önnur mál.
6. Starfsemi Fræðsluskrifstofu.
7. Skipulag í skólum RSÍ.

1. Á að markaðsetja RSÍ?

Eftir nánari skoðun var ákveðið að fresta birtingu auglýsinga RSÍ fram yfir áramót en að klára gerð auglýsinga núna.

2. Orlofsmál.

Orlofsnefnd lagði fram tilboð frá eldhúsinnréttingu og rafmagnstæki ásamt kostnaði við breytingu á eldhúsi í stóra húsinu við Apavatn.

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að fresta breytingum á sal og eldhúsi við Apavatnshúsið um einn vetur, en ljúka endurnýjun á íbúð í húsinu.

Samþykkt var að taka öryggishnapp í sumarhús RSÍ. Verið er að ganga frá samningum á skipulögðum orlofsbyggðum verkalýðshreyfingarinnar.

3. Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2001.

Samþykkt að Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 2001 verði haldin í Félagsmiðstöð RSÍ að Stórhöfða 31. Lögð voru fram drög að dagskrá.

4. Kynnisferð ASÍ til Brussel

Átta menn fara vegum RSÍ og aðildarfélaga til Brussel,

5. Önnur mál.

Gylfi Arnbjörnsson, nýráðinn framkvæmdastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir helstu áherslumálum.

6. Starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Ísleifur Árni Jakobsson var með ítarlega kynningu á starfsemi fræðsluskrifstofunnar og kynnti sérstaklega námskrárvinnu sem nú er í gangi.

7. Skipulag í skólum RSÍ.

Miðstjórn fór í heimsókn í Rafiðnaðarskólann og þær stofnanir sem hann steddur að. Jón Árni Rúnarsson fór yfir skipulag og

verðskrár yfir námskeið skólanna.

Hann telur skólana ekki verðleggja sig of hátt, því aðsókn er gífurleg í flest námskeið og gráður frá CTEC eru skilyrði við starfsumsóknir í mörgum tilfellum.

Haukur Ágústsson ritari RSÍ.